

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**  
**02 209**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymsyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

**kt. 700806-0490**

**Skrifstofa Árnagarði við Suðurgötu, 101 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að rannsóknim í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla söfn sem henni eru falin eða hún á.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnsavið 21 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 800,3 milljónir og afkoma kr. -67,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsrekningi er hrein eign kr. -30,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 68,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Nordal,  
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárvéitinga .....	2	557.900.000	517.700.000
Seld þjónusta .....	3	12.279.781	10.834.556
Vörusala .....		12.559	241.300
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	225.969.360	260.762.695
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.153.563	4.123.785
<b>Tekjur samtals</b>		<b>800.315.263</b>	<b>793.662.336</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	685.044.592	655.703.702
Framlög og tilfærslur .....	6	55.788.300	47.988.592
Annar rekstrarkostnaður .....	7	122.430.454	89.090.277
Afskriftir .....	8	4.153.563	4.123.785
<b>Gjöld samtals</b>		<b>867.416.909</b>	<b>796.906.356</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(67.101.646)	(3.244.020)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		1.047	37.872
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(81.107)	(76.514)
		<b>(80.060)</b>	<b>(38.642)</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(67.181.706)</b>	<b>(3.282.662)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(53.393.406)	2.705.930
Rekstrartilfærslur .....		(13.788.300)	(5.988.592)
		<b>(67.181.706)</b>	<b>(3.282.662)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....	11.177.428	12.357.716	
Aðrar eignir .....	124.607	128.297	
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>11.302.035</b>	<b>12.486.013</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	5.287.947	4.875.468	
Viðskiptakröfur .....	1.742.895	286.710	
Tengdir aðilar .....	37.672.650	103.352.993	
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.244.939	266.117	
Handbært fé .....	11.260.808	19.319.155	
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>57.209.239</b>	<b>128.100.443</b>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>68.511.274</b>	<b>140.586.456</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	12		
	<b>(30.350.601)</b>	<b>36.831.105</b>	
	<b>(30.350.601)</b>	<b>36.831.105</b>	
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	13.069.264	7.809.390
Viðskiptaskuldir .....		11.920.412	11.206.864
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	52.110.808	62.824.143
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	21.761.391	21.914.954
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>98.861.875</b>	<b>103.755.351</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>68.511.274</b>	<b>140.586.456</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(67.181.706)	(3.282.662)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdstremi:			
Afskriftir .....	8	4.153.563	4.123.785
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(4.153.563)	(4.123.785)
		(67.181.706)	(3.282.662)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.435.007)	991.701
Tengdir aðilar .....		71.970.632	5.412.832
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(9.999.787)	7.156.568
		59.123.359	12.268.564
		(8.058.347)	8.985.902
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(2.969.585)	(5.429.942)
		(2.969.585)	(5.429.942)
Fjármögnumunarhreyfingar			
Tengdir aðilar .....		0	1.429.942
Fjárfestingarframlag .....		2.969.585	4.000.000
		2.969.585	5.429.942
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs .....		(8.058.347)	8.985.902
		19.319.155	10.333.253
		11.260.808	19.319.155

Skýringar í ársrekningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákværðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákværðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Aðrar eignir ..... 10 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppseganlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppseganlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	557.900.000	517.700.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	4.153.563	4.123.785		
	<b>562.053.563</b>	<b>521.823.785</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	511.800.000	42.000.000	0	553.800.000
Millifært úr varasjóð .....	4.100.000	0	0	4.100.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>515.900.000</b>	<b>42.000.000</b>	<b>0</b>	<b>557.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(569.293.406)	(55.788.300)	0	(625.081.706)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(53.393.406)</b>	<b>(13.788.300)</b>	<b>0</b>	<b>(67.181.706)</b>
	2021	2020		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Sérfræðiþjónusta .....	850.000	0		
Fræðslustarfsemi og fundir .....	11.429.781	10.834.556		
	<b>12.279.781</b>	<b>10.834.556</b>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	140.000	50.363		
Kostnaðarhlutdeild .....	(1.318.925)	0		
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	55.515.343	29.783.467		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	171.625.966	230.545.315		
Ýmsar tekjur .....	6.976	383.550		
	<b>225.969.360</b>	<b>260.762.695</b>		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	567.989.913	521.856.130		
Orlof, breyting .....	(10.618.932)	18.426.223		
Launatengd gjöld .....	124.589.744	114.946.609		
Starfsmannakostnaður .....	3.083.867	474.740		
	<b>685.044.592</b>	<b>655.703.702</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	58,6	58,6		
<b>6 Framlög og tilfærslur</b>				
Rekstrartilfærslur aðrir .....	55.788.300	47.988.592		
	<b>55.788.300</b>	<b>47.988.592</b>		

## Skýringar

	2021	2020
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.479.527	3.852.003
Byggingarvörur, almennar .....	10.126	0
Tæki og búnaður til innréttингa .....	57.113	8.275
Ýmis tæki og áhöld .....	1.959.654	844.990
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	19.893
Orkugjafar .....	406.952	464.838
Matvæli .....	8.876.133	4.897.227
Almennar rekstrarvörur .....	<u>1.248.999</u>	<u>1.293.100</u>
Vörukaup, almenn	16.038.504	11.380.326
Kennslu- og föndurvörur .....	14.775	30.000
Ýmsar sérgreindar vörur .....	<u>64.494</u>	<u>137.264</u>
Vörukaup, sérgreind	79.269	167.264
Fundir, námskeið, risna .....	4.406.922	1.640.911
Ferðir, uppihald .....	6.446.291	2.510.383
Akstur .....	1.556.877	586.646
Sérfræðiþjónusta .....	45.732.112	30.747.766
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	317.797	1.673.238
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4.927.989	819.726
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>3.296.747</u>	<u>3.104.448</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	66.684.735	41.083.118
Afnotagjöld .....	8.791.727	9.634.207
Leigugjöld .....	8.478.722	8.133.108
Notkun véla og flutningatækja .....	28.350	134.479
Verkkaup .....	9.725.043	10.019.893
Kostnaðarhlutdeild .....	9.580.378	5.314.105
Áhættutap og bætur .....	8.299	8.167
Tryggingar, lögboðnar .....	546.673	524.198
Opinber gjöld .....	512.789	440.085
Tilfærslur .....	<u>2.261.363</u>	<u>3.370.576</u>
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	39.933.344	37.578.818
Vörukaup .....	107.081	173.288
Birgðabreytingar, fullunnar vörur .....	<u>(412.479)</u>	<u>(1.292.537)</u>
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>(305.398)</u>	<u>(1.119.249)</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>122.430.454</u>	<u>89.090.277</u>
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.149.873	4.119.071
Aðrar eignir .....	3.690	3.690
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	0	1.024
	<u>4.153.563</u>	<u>4.123.785</u>

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	11.177.428	12.357.716
Aðrar eignir .....	124.607	128.297
	<u>11.302.035</u>	<u>12.486.013</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	30.895.979	156.900	31.052.879
Viðbætur á árinu .....	2.969.585	0	2.969.585
	<u>33.865.564</u>	<u>156.900</u>	<u>34.022.464</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	18.538.263	28.603	18.566.866
Afskrift ársins .....	4.149.873	3.690	4.153.563
	<u>22.688.136</u>	<u>32.293</u>	<u>22.720.429</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>11.177.428</u>	<u>124.607</u>	<u>11.302.035</u>

31.12.2021 31.12.2020

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	35.953.725	97.205.895
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.718.925	6.147.098
	<u>37.672.650</u>	<u>103.352.993</u>

Skuldur við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	13.069.264	7.809.390
	<u>13.069.264</u>	<u>7.809.390</u>

### 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	11.016.500	19.043.962
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlásstofnunum .....	244.308	275.193
	<u>11.260.808</u>	<u>19.319.155</u>

Stofnunin hefur tekið til vörlu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 87,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1.	36.831.105	40.113.767
Afkoma ársins	<u>(67.181.706)</u>	<u>(3.282.662)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(30.350.601)</u>	<u>36.831.105</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof	52.026.093	62.645.025
Önnur ógreidd gjöld	<u>84.715</u>	<u>179.118</u>
	<u>52.110.808</u>	<u>62.824.143</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	11.302.035	12.486.013
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	<u>10.459.356</u>	<u>9.428.941</u>
	<u>21.761.391</u>	<u>21.914.954</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	12.486.013	9.428.941	21.914.954
Fjárfestingsfjárveiting ársins	0	4.000.000	4.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.969.585	(2.969.585)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(4.153.563)</u>	<u>0</u>	<u>(4.153.563)</u>
	<u>11.302.035</u>	<u>10.459.356</u>	<u>21.761.391</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 3,4 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsaleigu, rekstrarsamning og aðra samning. Greiðslur samkvæmt samningum munu nema kr. 7,6 milljónir vegna húsaleigusamnings, kr. 7,7 milljónir vegna rekstrarsamnings og kr. 9,3 milljónir vegna annarra samninga árið 2022.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.